

1. fundur skólanefndar vegna Undralands árið 2018, haldinn 15. mars 2018 í leikskólanum kl. 15:00. 20. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður sem ritaði fundargerð, Sigurður Sigurjónsson, Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks. Jón Bjarnason, Vigdís Furuseð, Elsa Ingjaldsdóttir og Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi foreldraráðs boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Skýrsla leikskólastjóra

2. Rekstur 2017

3. Önnur mál

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna

Gengið var til dagskrár

1. Skýrsla leikskólastjóra

Í dag eru 40 börn á leikskólanum og um næstu mánaðarmót fjölga þeim um þrjú eða fjögur. Þrjú eru nú þegar úr Bláskógabyggð og eitt væntanlegt. Leikskólinn er vel mannaður og um næstu mánaðarmót kemur Elma úr fæðingarorlofi og passar það vel við væntanleg börn sem öll eru árgömul.

Dagskrá leikskólans hefur verið nokkuð hefðbundin, jólin komu og fóru og við gátum gefið smá aukafri þegar börnin voru færri í kringum jól. Eftir jól höfum við haldið upp á karladaginn í tengslum við bóndadag og kerlingadag í tengslum við konudag. Þá er körlum og kerlingum boðið í heimsókn og er alltaf vel mætt. Öskudagurinn heilsaði okkur með óveðri þannig að börnin mættu í búningum daginn eftir og við slógum „köttinn“ úr tunnunni og skemmtum okkur saman.

Við ætlum að vera með sýningu hér í leikskólanum í tengslum við Menningar mars en einhverra hluta vegna erum við ekki nefnd í auglýsingum. Vikuna 19. – 23. mars verður opið hús og verður gestum og gangandi boðið að kíkja við og kynna sér starf leikskólans.

Elstu börnin fara reglulega í skólaheimsókn og eins koma yngstu nemendur Flúðaskóla í heimsókn til okkar.

Freyja lauk diplómanámi í stjórnun menntastofnana í desember og Heiða lauk leikskólaliða námi frá Fræðslunetinu, líka í desember. Jónína og Ragnheiður eru áfram í leikskólaliðanámi og eins eru Alda, Auður og Elma í leikskólakennaranámi. Leikskólastjóri er í einum áfanga í HÍ sem heitir: Hegðun og tilfinningar barna, áskoranir og úrræði.

Foreldraviðtöl voru í síðustu viku og fram kom almenn ánægja hjá foreldrum með starf leikskólans og fögnum við því.

Starfsmannasamtöl eru fyrirhuguð um leið og um hægist en nemarnir okkar, þær Alda og Auður hafa verið í vettvangsnámi og enda það í staðlotu nú í mars. Það hefur því verið aukaálag á starfsfólk en við snúum bökum saman og hér eru ekki vandamál heldur bara áskoranir.

Allt er að verða klárt fyrir námsferð til Brighton í apríl og mikill spenningur í fólki. Allt starfsfólk fer með og skiptir það miklu máli þegar horft er til framtíðar og skipulags leikskólastarfsins. Allir eru samstíga og vilja gera góðan leikskóla betri.

Á mánudaginn, 12. mars, fundaði leikskólastjóri með Valtý sveitarstjóra Bláskógabyggðar um áframhaldandi vistun barna úr Bláskógabyggð. Ég bauð fjögur pláss í haust til viðbótar við þau fjögur sem eru nú þegar í notkun og reikna ég með að þau verði nýtt. Við erum búnar að fara yfir væntanleg börn hér í sveit og gerum ráð fyrir að þetta eigi alveg að ganga upp miðað við þann barnafjölda sem við vitum af næsta vetur. Ef einhverjar breytingar verða tókum við á því þegar þar að kemur.

Þegar fyrir liggur hver barnafjöldi verður get ég genið frá ráðningum fyrir næsta vetur. Nokkrir starfsmenn eru með ráðningarsamning fram að sumarfríi.

2. Rekstur 2017

Farið var yfir rekstur leikskólans árið 2017. Heildarniðurstaðan er sú að reksturinn var 2,6 milljónum undir áætlun. Gert var ráð fyrir kostnaði upp á 88,6 milljónir en niðurstaðan var 86 milljónir. Skólanefnd lýsir yfir ánægju sinni með niðurstöðuna.

3. Önnur mál

- a) Vistun 12 mánaða barna, umsóknir um undanþágur. Leikskólastjóri lagði fram 5 umsóknir um undanþágu sbr. 6 gr. vistunarreglna leikskólans. Skólanefnd samþykkir umsóknirnar.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:30